

Fundargerð

**Stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 5/2019 haldinn fimmtudaginn
5. desember 2019 kl. 12300 í fundarsal félagsins að Hallveigarstíg 1**

Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem fundargerð.

Einnig sátu fundinn Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri og Grétar Örn Jóhannsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs.

1. Fjárhags- og verkefnaáætlun áætlun 2020

Framkvæmda- og fjármálastjóri fóru yfir drög að fjárhagsáætlun, lánsfjáráætlun og verkefnaáætlun 2020.

Stjórn samþykkti fjárhagsáætlun ársins 2020. Áhersla verði lögð á að nýta markaðsaðstæður til þess að lækka vaxtabyrði félagsins eftir því sem kostur er og eftir atvikum skipt út eldri skuldabréfum fyrir ný félagsleg skuldabréf til hagræðis fyrir félagið. Stjórn samþykkti jafnframt að óskað verði eftir að skuldabréf sem gefin verða út vegna lánsfjáráætlunar verði tryggð með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar, sbr. 1. mgr. 69. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.

2. Framleigusamningar

Lögð var fram samantekt um framleigu íbúða.

Stjórn samþykkti að almennt sé það stefna Félagsbústaða að félagið eigi húsnæðið sem það leigir. Um framleigu og leigurétt í undantekningartilvikum skulu gilda ákveðnar reglur og er framkvæmdastjóra falið að leggja fram drög að þeim.

3. Fundadagatal ársins 2020

Fundadagatal fyrir árið 2020 var samþykkt.

4. Fundargerð áhættunefndar

Lögð fram til kynningar.

5. Önnur mál

a. Sviðsstjóri framkvæmdasviðs fór yfir viðhaldsáætlun ársins. Í máli hans kom m.a. fram að vænta mætti alls nokkurs kostnaðar vegna úrbóta á viðgerðum sem framkvæmdar voru á Írabakka á árunum 2013 til 2017.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að gæta ýtrustu hagsmuna félagsins vegna málsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.45.



Haraldur Flosi Tryggvason



Laufey Ólafsdóttir



Heiða Björg Hilmissdóttir



Sigrún Árnadóttir